

Fundargerð

314. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. október 2010, kl.15:15

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir, Eggert Ólafsson, Eiríkur Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 311. fundar hreppsnefndar 9.september 2010. *Samþykkt.*
2. Fundargerð 312. fundar hreppsnefndar 20.september 2010. *Samþykkt.*
3. Fundargerð 313. fundar hreppsnefndar 27.september 2010. *Samþykkt.*

Mál til afgreiðslu:

1. Ráðning sveitarstjóra. *Lagt var til að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir verði ráðin sem sveitarstjóri Reykhólahrepps. Ákveðið var fela Andreu Björnsdóttur og Eiríki Kristjánssyni ganga til samninga við Ingibjörgu.*
2. Sameiginleg félagsmálanefnd. *“Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu fulltrúa úr sveitarstjórn og félagsmálanefndum sveitarfélaga á Ströndum og Reykhólahrepp um stofnun sameiginlegrar félagsmálanefndar, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps og geri samning um samstarf og ráðningu á sameiginlegum starfsmanni. Félagsmálanefnd samanstandi af 5 fulltrúum: 1 frá Árneshreppi, 1 frá Kaldrananeshreppi, 1 frá Reykhólahreppi og 2 frá Strandabyggð. Með sameiginlegri félagsmálanefnd og ráðningu starfsmanns verði til eitt þjónustusvæði í fyrrnefndum sveitarfélögum og formleg félagsþjónusta. Í framhaldi yrði stofnað byggðarsamlag um málefni fatlaðra á Vestfjörðum sem er liður í flutningi málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Fyrsta verkefni sameiginlegrar félagsmálanefndar er að samræma reglur um störf nefndarinnar og reglur um þjónustu sem sveitarfélög*

veita."Samþykkt var að skipa Andreu Björnsdóttur sem fulltrúa Reykhólahrepps í sameiginlega félagsmálanefnd sveitarfélaga á Ströndum og Reykhólahreppi.

3. Haustferð starfsfólks Barmahlíðar. Erindi frá Þuríði Stefánsdóttur um að styrkja starfsmannaferð Barmahlíðar var hafnað. Ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2010.
4. Fyrirspurn um Staðardagskrá 21. Erindi vísað til umhverfisnefndar og þeim falið að svara fyrirspurn.
5. Erindi frá Berglinði F. Steingrímsdóttur. Erindi vísað til skipulags-, byggingar- og hafnarnefndar.

Mál til kynningar:

1. Bréf dagsett 11. ágúst 2010 frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Efni: ársfjórðungsleg skil á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Kynnt.
2. Bréf dagsett 1. september 2010 frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Efni: Stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum. Kynnt.
3. Bréf dagsett 29. september 2010 frá Orkustofnun. Efni: Tilkynningaskyldar jarðboranir. Kynnt.
4. Bréf dagsett 24. september 2010 frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Efni: Tilmæli til sveitarstjórna vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. Kynnt.
5. Bréf dagsett 16. júlí 2010 frá Ísafjarðarbæ. Efni: Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum. Kynnt.
6. Bréf dagsett 22. júlí 2010 frá Tálknafjarðarhreppi. Efni: Bókun um stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Kynnt.
7. Bréf dagsett 27. júlí 2010 frá Vesturbyggð. Efni: Stuðningur við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðarveggar nr. 60. Kynnt.
8. Bréf dagsett 13. september 2010 frá Þrískerjum ehf. Efni: Uppbygging Frystihússins í Flatey. Fulltrúar Reykhólahrepps ganga á fund fjárlaganefndar Alþingis föstudaginn, 15. október. Óskað verður eftir endurnýjun á styrk til uppbyggingar á Frystihúsinu í Flatey.
9. Bréf dagsett 21. september 2010 frá safni Jóns Sigurðssonar. Efni: Aðstoð við afmælishátíð 17. júní 2011. Kynnt og ákveðið að birta erindi á vef Reykhólahrepps.

Önnur mál

- Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum Reykhólahrepps. *Hreppsnefnd ákvað að sveitarstjóri og skrifstofustjóri vinni út frá þeim drögum sem lögð voru fram á fundinum, samhliða endurskoðun á samþykktum Reykhólahrepps um stjórn og fundarsköp.*
- Kynning á landsþingi sambands íslenskra sveitarfélaga. *Eiríkur kynnti helstu málefni sem fram komu á þinginu og lagði fram ýmis gögn því til stuðnings.*
- Erindi frá Eyvindi verslunarstjóra Hólakaupa vegna innkaupa Reykhólahrepps. *Ásta Sjöfn tók að sér að boða þá sem málið varðar til fundar sem fyrst.*
- Dæla í slökkvibíl. *Samþykkt var fela Sveini að ganga frá kaupum á nýrri dælu í tankbíl Reykhólahrepps.*
- Viðbót á hafnargarði. *Samþykkt var að bæta við hafnargarðinn í Karlsey um 20 metra. Verkið mun kosta um 4 milljónir. Okkar framlag er 10% af kostnaði eða samsvarandi um 400 þúsund sem fara fram yfir fjárhagsáætlun ársins 2010. Áætlaður hlutur Reykhólahrepps við hafnargarð eru 5 milljónir.*
- Bréf frá lögmannastofunni Lögheimum. *Sveitarstjórnarmenn hafa móttekið bréf frá Jónasi Erni Jónassyni, lögmanni og ákveða að fela lögmanni Reykhólahrepps að svara bréfinu.*
- Fundargerð félagsmálanefndar. *Samþykkt.*
- Bréf frá Brunabót. *Kynnt.*
- Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna stjórnsýslukæru. *Samþykkt var að fela Eiríki og Ástu Sjöfn að svara.*
- Launamál hreppsnefndarmanna. *Samþykkt var að fresta þessum lið þar til næsti hreppsnefndarfundur verður haldinn. Eggerti var falið að vinna í málinu.*

Fundi slitið kl. 20:25